

Fornleifakönnun

vegna framkvæmda

Á Bíldudal og á Patreksfirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Rúna Þráinsdóttir

September 2006

2006/2



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Fornleifaskráning og aðferðir	5
Aðferð við skráningu	5
Saga jarðanna og fornleifar	7
Ágrip af sögu Litlu Eyrar í Bíldudal	7
Vettvangskönnun á framkvæmdareit á Bíldudal	8
Ljósmyndir af minjunum sem eru á framkvæmdasvæðinu	9
Ágrip af sögu Vatneyrar	10
Vettvangskönnun á framkvæmdareitum á Patreksfirði	10
Niðurlag	13
Heimildaskrá	14

Inngangur

Fornleifakönnun vegna framkvæmda var gerð á Bíldudal og á Patreksfirði dagana 12. og 13. september 2006.

Verkið var unnið af Náttúrustofu Vestfjarða og Byggðasafni Árnesinga að beiðni sveitarfélagsins Vesturbyggðar. Vettvangsvinnu unnu Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og Rúna Þráinsdóttir fornleifafræðinemi.

Halldór Karl Hermannson fær kærar þakkir fyrir ómetanlega hjálp og akstur um Vestfirði. Sömuleiðis fá heimildarmenn okkar, Jóna Runólfsdóttir og Gunnar Knútur Valdimarsson á Bíldudal og Sigurður Sigurðsson á Patreksfirði bestu þakkir fyrir þeirra hjálp.

Svæðið sem kannað var á Bíldudal var áður í landi jarðarinnar Litlu Eyri sem var hjáleiga frá Hóli í Bíldudal og svæðið á Patreksfirði er í landi Vatneyrar.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur,

álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunninn Sarp, sem að hluta er sérstaklega hannaður fyrir fornleifaskráningu.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Vatneyri-181545-

og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 158

í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Vatneyrar væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Vatneyri.181545-158-1 Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Halldórsvarða, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðarinnar og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðarinnar og fornleifar er stiklað á stóru um sögu jarðarinnar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Ágrip af sögu

Litla Eyri í Bíldudal -140458

Fyrstu heimildir sem koma fram um jörðina Litlu Eyri eru frá árinu 1569 en jarðirnar Litla Eyri og Hóll voru þá seldar með öllum gögnum og gæðum sem fylgt höfðu að fornu og nýju.¹ Hjáleigur Hóls voru bæirnir Hólakot, Hjalldóll og Hólshús en hjáleiga Litlu Eyri var Litlueyrarhús.² Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* sem gerð var á Bíldudal um 1710 segir að Litla Eyri hafi fyrrum verið hjáleiga frá Hóli. Í *Jarðabókinni* eru skráðar tvær hjáleigur frá Litlu Eyri, Litlueyrarhús sem áður hefur verið nefnd og svo tómthús sem stóð niður á Bíldudalseyri við hlið verslunarinar og var kallað Búðeyri.³ Bænhús mun hafa verið á Hóli en var lagt af um 1674.⁴ Á túninu á Hóli austan við bæjarhúsin er örnefnið Bænhúsflöt en þar sást móta fyrir grunnfleti bænhústóftarinnar um 1950 en hvarf við túnasléttun.⁵

Talið er að verslun hafi verið stunduð á Bíldudal lengi og hafi einkum enskir og þýskir kaupmenn verslað þar fyrr á öldum en verslun fór þá aðalega fram í skipum. Fyrsta heimildin um danska verslun á Bíldudal er kæra sem lögð var fram á verslunina á Hvestuþingi árið 1615.⁶

Þegar Pétur J. Torsteinsson kom á Bíldudal árið 1879 var byggð nær engöngu á þeim bæum sem voru í dalnum og aðeins voru þrjú hús á svæðinu sem þorpið byggðist síðar á. Hóf Pétur að kaupa skip og var byggð hafskipabryggja stuttu síðar og fjölgaði fólki á Bíldudal ört eftir það. Nýtt verslunarhús var reist og hinn svonefndi Langiskúr sem var lengsta hús á Íslandi og notað undir saltfisk. Einnig risu bakarí, smiðja og kirkja. Vegur var lagður frá kauptúninu og að Litlu Eyri.⁷ Mikil umsvif voru á Bíldudal á fyrrihluta tuttugustu aldar en fór að dragast saman á síðari hluta tuttugustu aldar.

¹ Íslenzkt fornbréfasafn. 15 bind.i 1947-50, bls 327

² Ingvaldur Nikurlásson 2001, bls 44

³ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938, bls. 378.

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938, bls. 376

⁵ Ingvaldur Nikurlásson 2001, bls 45

⁶ Ingvaldur Nikurlásson 2001, bls 45

Vettvangskönnun á framkvæmdareit á Bíldudal

Þann 13. September var fyrirhugað framkvæmdasvæði á Bíldudal skoðað.


Svæðið liggur í vesturhlíð og snýr á móti austri að sjó. Frá Dalbraut og niður að sjó er aflíðandi grasivaxin brekka og þegar henni sleppir er nokkuð brattur kambur niður í fjörunna. Svæðið afmarkast af Dalbraut í vestri, Gilsbakka í suðri og landfyllingum við íþróttahús í norðri.

Við vettvangsrannsókn fundust nokkrar minjar sem voru skráðar, þar kom í ljós hlaðinn grunnur af tveimur húsum, tóft og garður allt hlaðið úr grjóti, leifar af nokkrum litlum byggingum eins og kolakofa og brunnhúsi. Talað var við íbúa í húsinu Gilhaga Jónu Runólfsdóttur en afi hennar Jón Teitur Loftsson bjó áður á Gilhaga. Tóftin segir hún að sé reykcofi sem afi hennar byggði eftir að hann flutti á Bíldudal árið 1929 og garðurinn er hluti af kartöflugarði. Minjarnar sem fundust nærri húsinu þekkti Jóna allar og greindi frá notkun þeirra. Líklegt má telja að ekkert að þeim minjum hafi náð 100 ára aldri og flestar frá því eftir 1930.

Hlaðinn grunnur af tveimur húsum fundust á svæðinu og sögðu heimildarmenn, Gunnar Knútur Valdimarsson og Jóna Runólfsdóttir að þetta væri grunnur af húsinu Efri Hvammi eða Hringjarabæ eins og húsið var líka kallað en það hús var byggt eftir

1930 og rífið milli 1965-1970. Fyrir neðan það stóð annað hús sem bar heitið Neðri Hvammur og er það einnig horfið.

Alveg niður við fjöruna eru fimm hús og fjögur eru lítil gömul hús sem hafa verið endurgerð. Tóftin af reykhusinu er vel hlaðin og stendur nokkuð heil en garðaúrgangur hefur verið settur í tóftina. Er það tillaga okkar að tóftin fái að halda sér þar sem hún er minnisvarði um gamla verkmenningu



⁷ Hafliði Magnússon [útgáfuár vantar] bls.26-27

Ljósmyndir af minjunum sem eru á framkvæmdasvæðinu.



Mynd 1 Tóft af reykkofa sem byggður var eftir 1929.



Mynd 2 Brunnhús.



Mynd 4 Hlaðinn Grunnur af Neðri Hvammi.



Mynd 3 Hlaðinn Grunnur af Efstu Hvammi.

Ágrip af sögu Vatneyrar.

181545-158

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir að Vatneyri hafi verið byggð á Stekkjartúni frá Geirseyri. Fyrir manna minni.⁸

Patreksfjörður var áður kenndur við Vatneyri. Þar hefur verið verslað frá fornu fari og er eyrarinnar fyrst getið í heimildum árið 1570.⁹ Einnig var stunduð verslun frá Geirseyri og var byggðin öll kölluð Eyrar um nokkurt skeið. Í gegnum aldirnar hafa norskir, enskir, þýskir og danskir kaupmenn siglt til Vatneyrar og árið 1604 gerðu Danir Vatneyri að viðurkenndum verslunarstað.¹⁰

Á tímabili einokunarverslunar fékk Patreksfjörður eða Vatneyri það hlutverk að vera fiskihöfn með verslunarumdæmi sem náði yfir svæðið frá Tálknafirði að Vatnsfirði á Barðaströnd. Um 1885 var Sigurður Bachmann eigandi og ábúandi Vatneyrar og rak þar verslun. Þá var þar eitt fornt timburhús notað til íbúðar og verslunar. Annað timbuhús var þar í smíðum, auk þess voru þar fjórir eða fimm torfbæir sem húsmenn bjuggu í. Sennilega hefur íbúafjöldi á Vatneyri ekki verið mikið yfir 50 manns.¹¹ Árið 1907 eru íbúar á Vatneyri orðnir um 400 og mikill uppbygging í gangi. Um það leyti eða nokkuð fyrr var farið að kalla kaптúnið Patreksfjörð.¹²

Vatneyri er stór og slétt malareyri sem gengur út í fjörðinn fyrir neðan Geirseyri. Myndast þar allbreið vík, er þar hin besta höfn úr allri hafátt.

Vatneyri er kennd við lítið vatn sem var á eyrinni en var síðar grafið út og þar gerð mjög góð smábátahöfn.

Vettvangskönnun á framkvæmdareitum á Patreksfirði

Svæðin sem skoðuð voru á Patreksfirði þann 12. september voru tvö en þau eru staðsett hlið við hlið og verða auðkennd sem svæði 1 og svæði 2. Svæðin eru staðsett beint fyrir ofan höfnina sem áður var vatn sem Vatneyri er kennd við. Svæði 1 er í aflíðandi brekku sem er ofan við Þórsgötu en hún liggur beint ofan við höfnina/vatnið. Svæðið er um 250 m á lengd og 45 m á breidd og liggur frá lóðamörkum húsanna

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938, bls. 332.

⁹ Íslenskt fornbréfasafn. 15 bindi. 1947-50, bls 511

¹⁰ Jón J. Aðils. 1971 bls 76

¹¹ Pétur Jónsson. 1942. bls 108

¹² Pétur Jónsson. 1942. bls 109

sem standa við Mýrar niður að Þórsgötu. Svæðið er aflíðandi frá lóðum húsanna að Þórsgötu og neðarlega við götuna stendur minnismerki.

Samkvæmt heimildarmanni Sigurði Sigurðssyni, heitir þetta svæði Nýjatún og var slegið áður fyrr og man hann ekki eftir neinum mannvirkjum á svæðinu.

Svæðið er mjög mishæðótt og á nokkrum stöðum lítur úr fyrir að tóftir gætu leynst undir jarðvegi en ef svæðið er skoðað í samhengi við umhverfið í kring er líklegt að þær þústir sem sjást, sé grjót út grýttir hliðinni fyrir ofan rétt eins og á svæðinu við



Mynd 5 Hotft yfir framkvæmdasvæðin tekið í SA

hliðina þar sem mikið grjót sést.

Heimamenn, sem rætt var við, voru allir sammála um að þarna væri mjög grýttur jarðvegur undir grassverði sem runnið hefur niður úr hliðinni en mikil grjótskriða er í öllu fjallinu fyrir ofan.

Þar sem ekki er óhugsandi að þarna gætu leynst tóftir undir jarðvegi, þó heimildir séu ekki til um það, er það mat okkar að



Mynd 6 Séð yfir svæði 2 en svæði 1 sést grasivaxið í fjarlægð, milli Þórsgötu og húsa sem standa við Mýrar

heimamenn þekki umhverfið vel en hafa verður í huga við

framkvæmdir að fylgjast vel með því sem undir leynist og kalla til fornleifafræðing ef minnsti grunur leikur á að mannvirki séu undir grassverði.

Svæðið 2 er við hliðina á svæði 1 og er 120 m á lengd og 70 m á breidd.

Vegur skásker svæðið en hann liggur frá Urðargötu niður á Þórsgötu.

Svæðið er mjög grýtt og stór björg eru á miðju svæðinu.

Svæðið er gróið lynggróðri.

Snjóflóð féll á svæðið á seinnihluta síðustu aldar og eru á svæðinu minjar um byggingar sem líklega hafa skemmst í flóðinu eins og steypdur grunnur af litlu húsi.

Á svæðinu fundust tveir garðar sem gerðir hafa verið úr grjótinu úr nágrenninu.

Vatneyri 181545-158-2

Hlutverk: Garðar/rétt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A 269496 N 575965

Staðhættir: Garðarnir virðast byrja við stór björg sem eru rétt fyrir neðan Mýrar (gata) og enda við veginn sem liggur á ská í gegnum reitinn.

Lýsing: Garðarnir eru 15 m á lengd og eru 7 m á milli þeirra og mynda björgin eina hlið á einskonar hólfi.

Hugsanlega er um rétt af einhverju tagi að ræða og er aldur alveg óviss.



Mynd 7 Annar garðurinn á svæði 2

Eftir að fornleifakönnun var gerð kom í ljós að fallið hafði verið frá framkvæmdum á svæði 2.

Niðurlag

Vettvangsrannsókn á framkvæmdasvæði á Bíldudal leiddi í ljós að þó töluvert væri um minjar er engin þeirra flokkuð sem friðlýst fornleif vegna aldurs.

Engu að síður er það lagt til að hlaðin reykhestóft á framkvæmdasvæðinu fái að halda sér vegna þess að hún er minnisvarði um horfna verkmenningu og vegna þess að ekki er mikið af hlöðnum tóftum á Bíldudal.

Á öðru framkvæmdasvæðinu á Patreksfirði fundust tveir garðar sem gerðir hafa verið úr stóru grjóti og mynda einhverskonar hólfi eða rétt. Ekki er hægt að segja til um aldur þessara garða. *Þessir garðar eru á svæðinu þar sem fallið hefur verið frá framkvæmdum.* Á svæðinu þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Patreksfirði fundust ekki merki um minjar.

Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. XV. 1947-1950. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Jón J.Aðils. 1971. *Einokuunarvershun Dana á Íslandi 1602-1787*. Heimskringla. Reykjavík.

Ingvaldur Nikurlásson. 2001. *Mannlíf og saga fyrir vestan. Þjóðlegur fróðleikur gamall og nýr*. Ritroð 9. hefti. Vestfirska forlagið. Hrafnseyri.

Hafliði Magnússon [útgáfuár vantar]. *Arnarfjörður Þjóðsögur, galdrasögur, kynjasögur, heimildir og Örnefni í réttri röð eftir fjörðum og dölum* [útgáfu vantar]. [útgáfustað vantar].

Pétur Jónsson. 1942. *Barðstrendingabók*. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Munnleg heimild

Jóna Runólfsdóttir á Bíldudal, september 2006

Gunnar Knútur Valdimarsson á Bíldudal, september 2006

Sigurður Sigurðsson Patreksfirði, september 2006